

Birtist í Morgunblaðinu, 13. ágúst 1998.

Sala ríkisbankanna eftir Jón Steinsson

Bankar gegna mikilvægu hlutverki í nútímahagkerfi við að stjórna fjárfestingu. Víðtækur skilningur hefur að undanfögnu verið að skapast á því að mikilvægt sé fyrir áframhaldandi vöxt íslenska hagkerfisins að ríkið dragi sig út úr rekstri bankanna og snúi sér þess í stað að því að skapa þeim hagkvæmar en jafnframt sanngjarnar leikreglur til þess að tryggt sé að arðsemissjónarmið fái að ráða ferðinni í rekstri bankanna.

Ýmsar spurningar vakna samt sem áður þegar talsmenn stærstu hagsmunahópa í landinu lýsa hver af öðrum með afdráttarlausum hætti skoðunum sínum á hagkvæmni ýmissa leiða í þessum efnum. Formaður Framsóknarflokksins vill sameina Búnaðarbankann og Fjárfestingarbankann og formaður LÍÚ vill sameina Íslandsbanka og Fjárfestingarbankann svo einhver dæmi séu nefnd. Er í uppsiglingu pólitísk valdabarátta um þessar mikilvægu og verðmætu eignir ríkisins? Er ekki tími til kominn að tekið verði fyrir slíkt í eitt skipti fyrir öll og mörkuð stefna í öllum slíkum málum sem tryggir að framkvæmdavaldið hámarki arð ríkissjóðs af sölu ríkiseigna í stað þess að hagsmunir valdamikilla aðila fái að ráða ferðinni á kostnað almennings?

Sem betur fer er sala eigna eitt af þeim vandamálum sem hagfræðingum hefur tekist að finna góða lausn á. Ef hámarka á arð af eignum á einfaldlega að bjóða þær út án skilyrða. Ef þessi leið yrði farinn með ríkisbankana myndi hún best tryggja að þeir kæmust á sanngjarnan hátt í hendur þeirra sem best gætu rekið þá.

Eins og fyrr segir hafa forystumenn stórra hagsmunaaðila á síðustu dögum keppt við að reifa hugmyndir um hvernig best væri að endurskipuleggja ríkisbankana áður en þeir verða seldir. Þar ber hæst að utanríkisráðherra lét þau orð falla fyrir stuttu að honum fyndist vel koma til greina að sameina Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Búnaðarbankann. Hann rökstuddi sameininguna þannig að hún myndi auka verðmæti bankanna áður en þeir yrðu seldir. Þótt sú fullyrðing geti vel verið rétt felast ekki í henni nein rök fyrir því að bankarnir eigi að vera sameinaðir áður en þeir eru seldir.

Ef framtíð Búnaðarbankans og Fjárfestingarbankans er best borgið saman mun niðurstaða uppboðs endurspegla það og ríkið njóta góðs af því í formi hærri boða af hálfu þeirra aðila sem ætla sér að sameina þessa banka. Ef hins vegar einhver annar aðili áttar sig á leið sem engum innan framkvæmdavaldsins hefur dottið í hug að er hagkvæmari mun sú leið verða ofaná þar sem sá aðili getur þá boðið enn betur. Útboð á bönkunum myndi þannig endurspegla alla þá þekkingu sem til er um aukna hagkvæmi í rekstri bankanna en ekki aðeins þá þekkingu sem til er innan ríkisstjórnarinnar og hjá þeim aðilum sem eru nógu valdamiklir til að geta haft áhrif á hana.

En af hverju er mikilvægt að ríkisbankarnir verði seldir? Að undanfögnu hefur athygli manna aðallega beinst að sparnaði sem hlotist gæti af lækkun rekstrarkostnaðar í kjölfar sameiningar og endurskipulagningar á utibúaneti bankanna. Í þessu sambandi hafa verið nefndar tölur í kringum 2 milljarða sem er auðvitað töliverður peningur

fyrir ekki stærra hagkerfi en okkar. En það vill oft gleymast að sala ríkisbankanna og sú endurskipulagning sem nýir eigendur munu væntanlega ráðast í mun einnig hafa áhrif á tekjuhlið bankanna. Þar er ekki um minni fjárhæðir að tefla. Eitt mikilvægasta hlutverk bankanna er að stýra fjármagni frá þeim sem eiga það (sparifjáreigenda) til þeirra sem geta nýtt sér það (fjárfesta). Hversu vel þeir standa sig í þessu hlutverki er undirstaðan að afkomu bankanna. Hér á landi hafa í gegnum tíðina pólitísk tengsl oft vegið þyngra en álitleg arðsemisáætlun. Þetta hefur gert það að verkum að hátt hlutfall af útlánnum hefur tapast sem hefur aftur staðið hagkerfinu verulega fyrir þrifum. Í einkareknum bönkum eru það arðsemissjónarmið sem ráða ferðinni og leiðir það til þess að þeir aðilar fá fé að láni sem best geta nýtt sér það til að skapa ný verðmæti.

Það hefur einnig komið upp í umræðunni hvort eðlilegt sé að erlendir aðilar kaupi meirihluta í íslenskum bönkum. Sumir segja að með því flytjist hagnaðurinn af bönkunum til útlanda en verði ekki eftir hér á landi. En það er einmitt fyrir hagnaðinn sem útlendingarnir eru að borga. Seljendurnir fá fullt af peningum í dag en í staðinn fá kaupendurnir hagnaðinn í framtíðinni. Ef hagnaðurinn er meira virði að mati seljendanna myndu þeir ekki selja. Það má ekki gleymast að hér er um frjáls viðskipti að ræða þar sem báðir aðilar telja sig vera að hagnast.

En hvernig getur það staðist að seljendunum, finnst hagnaðurinn minna virði en kaupendunum finnst hann vera meira virði? Er ekki óumflýjanlegt að annar aðilinn hafi rangt fyrir sér? Ekki endilega. Kaupandinn getur til dæmis staðið öðruvísi að rekstrinum þannig að hagnaðurinn í hans höndum verði meiri en ef bankinn væri í eigu seljendanna.

Önnur rök sem oft heyrast gegn því að bankarnir verði seldir erlendum aðilum er að þá myndu nýir eigendur ekki hafa íslenska hagsmuni í huga í eins ríku mæli. Þetta stenst ekki heldur. Stór hluti af verðmætunum sem felast í íslensku bönkunum er fólgin í þeirri sérþekkingu sem bankarnir hafa á íslensku atvinnulífi. Það er þessi þekking sem tryggir hagsmuni íslensks atvinnulífs. Ef bankarnir legðu ekki nógu mikla áherslu á að afla sér þekkingar á íslensku atvinnulífi eftir að þeir væru seldir erlendum aðilum myndi það koma niður á rekstri þeirra og verð á hlutabréfum þeirra myndu lækka þannig að íslenskir aðilar gætu bara keypt þá aftur og hagnast af.

Á þessari öld hefur íslensku þjóðinni tekist að rísa úr ömurlegri fátækt í það að vera meðal þeirra þjóð sem býr við hvað mest lífsgæði og gerir hvað mestar kröfur til lífsins. Þetta hefur okkur tekist þrátt fyrir að mestan hluta aldarinnar hafi hér verið búið við haftabúskap og bankakerfi sem var gerspilt af pólitískum hagsmunum. Hér býr vel menntuð þjóð sem er laus við mörg vandamál sem skapast í stærri löndum. Ef rétt er haldið á spilunum ættum við að geta leikið okkur að því að verða lang ríkasta þjóð í heimi. Eitt af því sem skiptir hvað mestu máli í þessu sambandi er að ríkið tryggi þjóðfélaginu sanngjarnar leikreglur sem hámarka arð þjóðarinnar af því sem hún tekur sér fyrir hendur. Varðandi sölu ríkisbankanna er hagur þjóðarinnar best tryggður með því að standa þannig að málum að allir aðilar njóti þar fyllsta jafnræðis. Það er best gert með því að bankarnir verði boðnir út og þannig að allir áhugasamir aðilar geti keppt um það hver getur fundið hagkvæmustu leiðina til að haga rekstri bankanna í framtíðinni.